



## Bæjarlistamaður Akureyrar 2020

Kæru áheyrendur

Gleðilegt sumar

Enn á ný er komið að því að tilnefna bæjarlistamann Akureyrar og vissulega er það gert við óvenjulegar aðstæður að þessu sinni. Venja er að tilkynna valið við hátíðlega athöfn með þéttsettum sal prúðbúins fólks með bros á vör í hátíðarskapi. Í ljósi aðstæðna var sú ákvörðun tekin að hafa athöfnina nú með þessum hætti, með upptöku og myndbandi.

En tilnefna skal listamann eigi að síður.

Við þrjú, Petrea Óskarsdóttir, Ragnheiður Björk Þórsdóttir og sá er hér talar, Þórarinn Torfason, sem sátum í faghópnum að þessu sinni erum öll nýgræðingar í þessu og vissum í sjálfu sér ekki út í hvað við vorum að fara þegar við samþykktum að taka sæti í hópnum. En samvinnan gekk vel og fá og léttvæg ágreiningsmál komu upp, sem auðvelt var að leysa. Auk þess sem við vorum á einu máli um niðurstöðuna.

Að þessu sinni sóttu, átta konur og sex karlar um starfslaun, eða fjórtán alls. Umsóknir voru átta á sviði myndlistar, ein á sviði mynd-og ritlistar, tvær á sviði ritlistar, ein sem sameinar ritlist og leiklist og tvær á sviði tónlistar.

Allt voru þetta mjög áhugaverðar umsóknir frá frambærilegum listamönnum og leitt að geta ekki valið fleiri. Okkur var því talsverður vandi á höndum en með samstarfi og samvinnu tókst okkur að komast að niðurstöðu.

Við val á listamanni horfðum við ekki síst á þau verkefni sem listamaðurinn hyggst vinna á starfslaunatímabilinu og eins hvernig hann kemur list sinni á framfæri í bæjarfélaginu. Sá listamaður sem fyrir valinu varð að þessu sinni setur fram mjög metnaðarfulla og áhugaverða áætlun um verkefni sem vinna skal á tímabilinu.

Frá því að listamaðurinn kom heim úr námi með mastersgráðu í sínu fagi, hefur hann verið virkur í samstarfi við aðra tónlistarmenn og lagt áherslu á að leika tónlist eftir íslensk tónskáld. Þá hefur listamaðurinn einnig sinnt kennslu í grein sinni, ásamt því að hafa leikið með Sinfóníuhljómsveit

Norðurlands síðustu tuttugu árin. Þá hefur listamaðurinn skipulagt fjölda viðburða og veitt öðrum tónlistarmönnum brautargengi og lagt lóð á vogarskálarnar við að auðga menningarlíf á Akureyri.

Bæjarlistamaður Akureyrar árið 2020 er Ásdís Arnardóttir sellóleikari.

Ásdís er fædd árið 1967. Hún lauk stúdentsprófi frá MR 1987 og stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólana í Reykjavík og á Seltjarnarnesi en hélt síðan utan til náms, fyrst til Barcelona en síðan til Boston, þaðan sem hún lauk mastersgráðu árið 1995. Undanfarin fjórtán ár hefur hún búið og starfað á Norðurlandi. Hún kennir á selló, kontrabassa, stjórnar strengjasveitum og hefur umsjón með kammertónlist í Tónlistarskólanum á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Hún hefur verið leiðandi sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands þennan tíma. Auk þess hefur hún tekið þátt í fjölmörgum viðburðum, eins og Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju, Barokksmiðju Hólastiftis, Sumartónleikum á Hólum og verkefninu Norðlenskar konur í tónlist svo eitthvað sé nefnt.

Ásdís hefur verið formaður Tónlistarfélags Akureyrar síðan 2013 og hefur haft umsjón með tónleikum félagsins. Áður en Ásdís flutti norður starfaði hún við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Suzukitónlistarskólann í Reykjavík auk þess sem hún var fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands árin 1997-2000, spilaði með Íslensku Óperunni og var virk í ýmis konar samspili.

Á starfslaunatímabilinu hyggst Ásdís meðal annars minnst þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins Ludwigs van Beethoven, þá ætlar hún einnig að spila fyrir yngri jafnt sem eldri íbúa bæjarins. En hún fer nánar yfir það sjálf í sínu erindi.

Að endingu viljum við í faghópnum óska Ásdísi innilega til hamingju.